

Fundargerð

Mánudaginn 3. október 2011 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Kári Kárasón, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ferð framkvæmdastjóra og stjórnarformanns til Hornafjarðar
2. Jón Óskar, framkvæmdastjóri SSNV, upplýsir um stöðu atvinnuverkefna á Norðurlandi vestra.
3. Gagnaver - staða mála
4. Samningur vegna Kvennaskólans
5. Skipun stjórnarmanns í Heilbrigðisnefnd NV
6. Bréf frá Textílsetri dags. 3. ágúst 2011

Afgreiðslur:

1. Ferð framkvæmdastjóra og stjórnarformanns til Hornafjarðar

Stjórnarformaður gerði grein fyrir ferð sem hann, framkvæmdastjóri og framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi fóru þann 5. júlí sl. til Hornafjarðar til að kynna sér heilbrigðismál í sveitarfélaginu. Margt hefur tekist vel til með fyrirkomulag heilbrigðismála í Hornafirði. Umræður urðu um málið.

2. Jón Óskar, framkvæmdastjóri SSNV, upplýsir um stöðu atvinnuverkefna á Norðurlandi vestra.

SSNV-Atvinnuþróun er m.a. að sinna einstaklingum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Menn hafa áhyggjur af því að minna beri á umsóknum frá Austur-Húnavatnssýslu í opinbera sjóði. Fundarmenn lýsa áhyggjum sínum af þessari þróun.

Miklar umræður urðu um atvinnumál á svæðinu.

3. Gagnaver - staða mála

Umræður urðu um gagnaver á Blönduósi.

4. Samningur vegna Kvennaskólans

Framkvæmdastjóri kynnti áform sem eru í Kvennaskólanum. Ljóst er að breytingar hafa orðið á Textílsetrinu sem og Háskólasetrinu en samningur ríkisins við Blönduósbæ rennur út um áramótin. Endurskoðun samnings stendur nú yfir og stefnt er að því að nýr samningur líti dagsins ljós fyrir áramót. Þegar þeirri vinnu er lokið er framkvæmdastjóra falið að koma

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

með tillögur að leigusamningi í samræmi við þær umræður sem urðu á fundinum.

5. Skipun stjórnarmanns í Heilbrigðisnefnd NV

Samþykkt að skipa Valgarð Hilmarsson í stjórn Heilbrigðisnefndar NV í stað Valgerar Gísladóttir sem hefur sagt sig frá stjórnarsetu.

6. Bréf frá Textílsetri dags. 3. ágúst 2011

*Í bréfinu er greint frá þeirri starfsemi Textílsetursins, Háskólasetursins og Vini Kvennaskólans sem fram fram fer í Kvennaskólanum.
Lagt fram til kynningar.*

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:10